

Stjórn sjóðsins starfar kauplaust. Þó skal greiða af honum beinan kostnað við stjórnarstörf, svo sem nauðsynlegar bækur, pappír o. s. f.

33

9. apríl

9. gr.

Sjái stjórn sjóðsins sér fært og fé er fyrir hendi, má veita ekkjum á áður-nefndu svæði og ófullveðja börnum þeirra, styrk úr sjóðnum, þó að menn þeirra eða fyrirvinna hafi ekki druknað, heldur látizt á annan hátt.

Ógiftar mæður og börn þeirra, njóta sömu réttinda gagnvart sjóðnum yfirleitt, eins og giftar væru.

10. gr.

Komi eitthvert ár engar, eða svo fáar umsóknir um styrk úr sjóðnum, að ekki þyki ástæða til að veita allt það fé, sem heimilt er að veita, skal leggja afganginn við höfuðstólinn. Verði sjóðurinn svo stór, að ekkjur og ófullveðja börn þeirra, á svæði því, sem nefnt hefir verið, geti lifað sómasamlega á styrk úr honum, og fé er afgang, sem heimilt er að veita, þá má styrkja unga efnilega piltá úr Önundanfirði til náms í sjómannafræði.

Hofsósi, 9. maí 1933.

María S. Kjartansdóttir.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Skagastrandarkauptún.

34

10. apríl

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru: Frá Höfðatá beina línu til suðurs í Djúpsker, og þaðan til lands sunnanvert Árbakkasteins í Hrafnárós.

2. gr.

Hreppsnefnd Vindhælishrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna, undir yfirstjórn atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmálefna og eftirlit með höfninni, og hafnarmannvirkjum og sér um viðhald og umbætur á hvorutveggja, stýrir öllum framkvæmdum er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndarinnar.

Hafnarnefnd er skipuð þremur mönnum, og eru tveir kosnir af hreppsnefnd Vindhælishrepps, en sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu kýs 1. Nefndarmenn eru kosnir til 3ja ára, og gengur einn úr árlega, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Skagastrandarkauptúni, eða nágrenni þess.

34

10. apríl

3. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni, og ennfremur annara þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir lögreglustjóra, en skipun hafnarnefndar, eða starfsmanna hennar, ber að hlýða tafarlaust. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurtseysi í starfi sínu.

4. gr.

Öll skot við höfnina og á henni eru stranglega bönnuð, og skal sérstaklega gæta þess, að skot og fugladráp, frá skipum og bátum á höfninni eigi sér ekki stað. Þó getur hafnarnefnd veitt undanþágu frá ákvæði þessu, þegar sérstaklega stendur á, og í einstöku tilfellum, svo sem til að skjóta hvali eða seli.

5. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum sem flytja eldfim efni má ekki kveikja eld nema í eldavél skipsins og á ljóskerunum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu. Álíti hafnarnefnd að hætta geti stafað af fermingu og affermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar í hvert sinn.

6. gr.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni, nema með leyfi hafnarnefndar, og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi hafnarnefndar og landeiganda.

Við höfnina má ekki gera nein hafnarmannvirki, né breyta eða auka við þau hafnarmannvirki sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar, og gildir leyfið aðeins til eins árs, sé það látið ónotað.

Bannað er að kasta fiskiúrgangi eða öðrum óþrifnaði í sjóinn frá skipum, er liggja við hafnarbyggjur, eða á höfninni, nema með leyfi hafnarnefndar.

7. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei liggja svo á höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annara skipa, og skulu í hvert skipti skyld að hlýða boði hafnarnefndar um það, hvar þau skuli leggjast.

Ekki má leggja skipum eða bátum svo nærri byggjum, að eigi sé að dómi hafnarnefndar nægilega gott pláss fyrir önnur skip að komast að eða frá, né heldur að leggja netum eða duflum, svo nálægt byggjunni, eða á höfninni, að aðgangur verði ógreiður skipum.

Skip mega aldrei leggja svo út frá sér strengi, eða önnur festartæki, að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraveg.

8. gr.

Nú tregðast eigandi, skipstjóri eða umráðamaður báts eða skips, að hlýða skipun hafnarnefndar, eða umsjónarmanns, að flytja skip sitt, ból eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarnefnd látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

9. gr.

Eigi má festa skip við uppfyllingu eða bryggju, nema við festarhringi, eða við festarstólpa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða uppfyllingunni. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að úr því sé bætt tafarlaust.

10. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefnd látið færa skipið burt á kostnað eigandans og er heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

11. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast að bryggju hafnarinnar í þeirri röð sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrir fram ákveðinni auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, svo og afgreiðslubátar slikra skipa, hafa rétt til þess að leggjast að bryggju, þó önnur skip liggi þar fyrir og verða þau að víkja á meðan hin eru afgreidd. Samskonar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarnefndar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hún krefst þess. Ennfremur getur hafnarnefnd vísað skipum frá bryggjum, áliti hún það nauðsynlegt vegna veðurs.

Ef ágreiningur rís, ræður hafnarnefnd í hverri röð skip komast að bryggjunni.

12. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða uppfyllingu, sem notuð hefir verið. Farist það fyrir, skal hafnarnefnd sjá um að það sé gert á þeirra kostnað.

13. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru, eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða uppfyllingu og eigi annarsstaðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar. Skal flytja burtu muni og vörur jafnskjótt og hún krefst þess. Hafnarnefnd getur heimtað gjald eftir vörur sem láttnar eru liggja á landi hafnarsjóðs.

Gjaldskrá.

14. gr.

- a. **Lestargjöld:** Öll skip, seglskip, gufuskip og vélskip, 8 tonna og stærri, hvort sem þau eru tóm, hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald 5 aura

34
10. apríl

af hverri smálest, í hvert sinn er þau leggjast á Skagastrandarhöfn, eða við bryggju, þó með þeim undantekningum er síðar segir. Gjaldið er reiknað af netto burðarmagni skipsins, talið í heilum tonnnum, minna broti en $\frac{1}{2}$ er sleppt.

- b. **Bryggjugjöld:** Skip og bátar, sem nota bryggju hafnarinnar eða lenda innan takmarka hennar, greiða í bryggjugjald 5 auru af smálest fyrir sólarhring, þó ekki minna en 2 krónur. — Hafnarnefnd er heimilt að lækka gjaldið ef um lengri tíma er að ræða.
- c. Vörugjald skal greiða af öllum vörum, sem fluttar eru af eða á skipsfjöl, 2 krónur pr. smálest. Af timbri reiknast 3 aurar af teningsfeti og af tónum tunnum uppsettum 5 aurar. Af flutningi og munum til einstakra manna greiðist minnst 10 aurar af stykki.
- d. Fiskibátar, allt að 8 tonnnum, greiði andvirði $\frac{1}{4}$ hlutar, þó ekki minna en $\frac{1}{40}$ hluta heildaraflans. Stærri bátar greiði $\frac{1}{2}$ hlut, sé gengið út frá venju- legum hlutafjölda.
- e. Festargjöld, af skipum þeim, er nota festar hafnarsjóðs.

Fiskiskip og bátar, er greiða fiskhlut til hafnarsjóðs, eru undanþegin bryggjugjaldi, og vöruflutningabátar, sem notaðir eru til upp- og framskipunar, ef gjald hefir verið greitt af þeim vörum, sbr. c.-lið.

Herskip, varðskip og skemmtiskip, eru undanþegin öllum gjöldum til hafnarinnar.

Póstflutningur, efni og tæki til hafnarinnar, er undanþegið öllum gjöldum. Þó hefir þetta ákvæði ekki áhrif á lestargjald skipsins.

Gjöld þessi má þó ekki innheimta fyr en byrjað er á hafnarmannvirkjunum.

15. gr.

Móttakandi greiði vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald er affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið á höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Andvirði fiskhlutar, þess sem umræðir í 14. gr. d. fellur í gjalddaga við hver vertíðarlok.

Hafnarsjóður hefir haldsrétt á vörum unz gjöldin eru að fullu greidd.

16. gr.

Gjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

17. gr.

Formaður báts og skipstjóri skips bera ábyrgð á greiðslu hafnargjalda af skipi sínu.

18. gr.

34

10. apríl

Öll gjöld samkv. reglugerðinni renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Öll gjöld til hafnarsjóðs hafa lögtaksrétt og hefir hafnarsjóður haldsrétt í skipum og bátum fyrir gjöldunum. Skipstjóri, sem fer af höfninni án þess að greiða lögmæt hafnargjöld, hefir gerzt sekur um brot á reglugerð þessari.

20. gr.

Þeir, sem skemma bryggjur eða önnur mannvirki hafnarinnar og hafnar-tæki, eru skyldir til þess að bæta að fullu kostnaðinn við að lagfæra það.

Formaður hafnarnefndar er réttur sóknaraðili skaðabótamála.

21. gr.

Enginn, sem hefir bakað sér refsingu, eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er útkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

Sama gildir um skaðabótaskyld skip.

22. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 20—1000 krónum, nema þyngri hegning liggja við eftir almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

23. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

24. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 21, 14. júní 1929 til þess að öðlast gildi 1. maí 1934, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. apríl 1934.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.